

Stöðuskýrsla nr. 5 til ráðgefandi aðila

**Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19**

Dagsetning: 18.09.2020

*Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.*

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, [vidbragd@fm.is](mailto:vidbragd@fm.is).

Í þessari fimmtu stöðuskýrslu verður einkum fjallað um stöðu og þjónustu við **innflytjendur**.

**Athyglisvert í fimmtu stöðuskýrslu:**

Innflytjendur eru um **14% íbúa á Íslandi** og hefur fjöldi einstaklinga sem fá alþjóðlega vernd á hverju ári sjöfaldast á síðustu tíu árum. Samkomulag um **samræmda móttöku flóttafólks** og tímabundin **ráðgjafastofa innflytjenda** verða lykilverkefni við framþróun í málaflokknum á næstu misserum.

**Sjá nánar: Ítarefni 1.**

Innflytjendur eru **40%** allra atvinnuleitenda á skrá hjá Vinnumálastofnun og er atvinnuleysi meðal innflytjenda nú um **20%**. Hlutfall innflytjenda af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi fyrstu sex mánuði ársins var hæst í **Reykjanesbæ** (57%). Þar á eftir komu **Reykjavík** (36%) og **Kópavogur** (32%).

**Sjá nánar: Ítarefni 2.**

**Greining á þörfum og möguleikum í þjónustu** við innflytjendur fer nú fram hjá Vinnumálastofnun og hefur sérstök **alþjóðadeild** verið stofnuð til þess að þjónusta þá rúmlega 7000 innflytjendur sem nú eru án atvinnu.


**Sjá nánar: Ítarefni 3.**

Fram kemur í svörum félagasamtaka að mikilvægast sé að **huga að virkni, rjúfa félagslega einangrun, auka tengslanet og tryggja aðgengi** að upplýsingum til innflytjenda. Í sumum tilfellum eru innflytjendur hátt í helmingur skjólstaðinga þeirra.

**Sjá nánar: Ítarefni 4.**


## Atvinnulausir innflytjendur – Myndrænt.

Atvinnulausir á Íslandi




## Innflytjendur á Íslandi eru um 50.000, þar af um 38.000 á vinnumarkaði


Kyn atvinnulausra innflytjenda




Þjóðerni atvinnulausra innflytjenda




Menntun atvinnulausra innflytjenda



Aldur atvinnulausra innflytjenda



Lengd atvinnuleysis innflytjenda



## Greining á stöðu innflytjenda

Í skýrslu teymisins er reynt að teikna upp það landslag sem ríki, sveitarfélög og félagasamtök standa frammi fyrir og vinna eftir þegar kemur að þjónustu við innflytjendur. Hlutverk teymisins er að greina gögn á sviði félags- og atvinnumála og koma með tillögur að frekari aðgerðum til að koma til móts við þarfir viðkvæmra hópa gerist þess þörf.

Innflytjendur hafa verið mjög virkir á íslenskum vinnumarkaði í gegnum árin og er atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi sú hæsta meðal OECD landanna **en um 87% innflytjenda voru virkir á vinnumarkaði árið 2018**. Líkt og fram kemur í skýrslunni má gera ráð fyrir því að um **8.000 innflytjendur reiði sig á atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð til framfærslu** eins og staðan er í dag. Um 83% allra þeirra innflytjenda sem eru án atvinnu búa á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurnesjum svo atvinnuleysi í dag er á margan hátt **svæðisbundið** og vonandi **tímabundið ástand** í ljósi þess að 60% þeirra innflytjenda sem eru nú atvinnulausir hafa misst vinnuna í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Hópur innflytjenda án atvinnu er mjög fjölbreyttur og hlutfall kynjanna er nokkuð jafnt þótt atvinnuleysi meðal kvenna (20%) sé meira en meðal karla (15%) í hópi innflytjenda. Í Reykjanesbæ er sú staða komin upp að innflytjendur eru orðnir í meirihluta atvinnuleitenda og 57% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eru innflytjendur. Í Reykjavík er hlutfall innflytjenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu 36%.

Á fundum teymisins hefur komið fram að samsetning þess hóps, sem nú er án atvinnu, er **allt annars eðlis en eftir fjármálahrunið 2008**. Atvinnuleysi af völdum heimsfaraldurs COVID-19 og þeirra sóttvarnarráðstafanna sem grípa hefur þurft til er tímabundið áfall sem allur heimurinn glímur nú við. Stór hluti innflytjenda sem fær fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er flóttafólk sem hefur nýlega fengið alþjóðlega vernd og er því viðkvæmur hópur sem hefur þörf fyrir aukna aðstoð við að taka sín fyrstu skref í samfélaginu á næstu mánuðum.

Við sjáum fram á áskoranir á vinnumarkaði í vetur þar sem mikil óvissa ríkir um endurreisn ferðaþjónustutengdra greina á nýjan leik og fólk án atvinnu veltir því skiljanlega fyrir sér hvað bíði þeirra. Það versta sem gerst getur í lífi fólks þegar það missir atvinnu sína og stóran hluta framfærslunnar er að verða **óvirkt í samfélaginu**, það hafa margar rannsóknir sýnt. Óvirkni og félagsleg einangrun fólks er helsta orsök þess að erfitt getur reynst fyrir suma að snúa til baka á vinnumarkað þegar störfín fara að bjóðast á nýjan leik. Félagasamtök taka undir þetta og segja einnig lítið tengslanet, sem stafi oft af félagslegri einangrun, eina helstu áskorun innflytjenda í dag og næstu mánuði.

Líkt og fram kemur í skýrslunni vinna stjórnvöld í samvinnu við sveitarfélög og stofnanir að því að koma á fót **samræmdri móttöku flóttafólks** og tímabundinni **ráðgjafastofu fyrir innflytjendur**. Þau verkefni koma til með að breyta þjónustu við innflytjendur og tryggja samræmi í þjónustu við flóttafólk hvernig sem það kemur hingað til landsins. Þjónusta **alþjóðadeildar Vinnumálastofnunar** og verkefni um **samfélagsfræðslu** fyrir flóttafólk kemur einnig til með að verða góð viðbót við þjónustu við innflytjendur í atvinnuleit.

Í ljósi ofangreinds er það mat teymisins að mjög mikilvægt sé að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og aðrir sem koma að þjónustu við innflytjendur, gangi í takt og finni samtakamáttinn hvert frá öðru til að veita tilhlýðilega þjónustu sem gefur hópi innflytjenda aukin verkfæri inn í framtíðina. Til þess að það sé hægt leggur teymið fram **tillögur að viðbótarverkefnum** með sérstaka áherslu á **virgni** þeirra innflytjenda sem eru án atvinnu og eru í hvað mestri hættu á að verða óvirkni að bráð. Þær tillögur eru unnar út frá fyrirliggjandi gögnum frá stofnunum ríkisins, félagsþjónustu sveitarfélaga og félagasamtökum, sem komið hafa fram í síðustu stöðuskýrslum, en einnig umræðu sem fram hefur farið innan uppbyggingarteymisins og ábendingum sem teyminu hafa borist m.a. í gegnum Velferðarvaktina.

## Tillögur teymisins

Teymi uppbyggingar félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldurs vill í ljósi fyrirbyggjandi gagna og mismunandi stöðu innflytjenda í samfélaginu hvetja félags- og barnamálaráðherra til þess að íhuga eftirfarandi tillögur til þess að koma til móts við viðkvæmustu hópa innflytjenda sem eru án atvinnu á Íslandi í dag.

### Tillaga 1 – Frekari stuðningur við verkefni um tímabundna ráðgjafastofu og samfélagsfræðslu

*Teymið leggur til að reynt verði eftir fremsta megni að flýta undirbúningi um tímabundna ráðgjafastofu fyrir innflytjendur og samfélagsfræðslu til flóttafólks. Það sama má segja um samkomulag sveitarfélaganna um samræmda móttöku flóttafólks.*

*Rök: Þessum brýnu verkefnum er ætlað að mæta þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í dag og þörfin er aðkallandi.*

### Tillaga 2 – Sérstakur stuðningur til félagasamtaka og sveitarfélaga

*Teymið leggur til að fjármagn til úthlutunar úr Þróunarsjóði innflytjendamála verði hækkað verulega og að ein af áherslum sjóðsins í ár verði virkniúrræði fyrir bæði innflytjendur og flóttafólk. Opnað verður fyrir umsóknir fljótlega og væri hægt að úthluta úr sjóðnum á þessu ári eða snemma á næsta ári.*

*Rök: Sveitarfélög og félagasamtök eru mikilvægur hluti velferðarþjónustunnar sem nýtur trausts hjá innflytjendum og flóttafólki. Mikilvægt er að styðja við þær hugmyndir sem þar eru til staðar og þannig stuðla að fleiri virkniúrræðum fyrir innflytjendur og flóttafólk. Til staðar er regluverk fyrir Þróunarsjóðinn sem flýttir verulega fyrir allri umsýslu og vinnslu umsókna. Þróunarsjóðurinn hefur verið starfræktur frá árinu 2007.*

## Ítarefni 1 - Almennt um málaflokkinn

Innflytjendur eru rúmlega **14% íbúa** hér á landi, þar af eru 1,4% einstaklinga skilgreind sem önnur kynslóð innflytjenda<sup>1</sup>. Um er að ræða fjölbreyttan hóp einstaklinga og fjölskyldna sem hafa komið hingað vegna náms, atvinnu, fjölskyldusameiningar eða í leit að alþjóðlegri vernd. Fjöldi barna, sem tilheyrir annaðhvort fyrstu eða annarri kynslóð innflytjenda, hefur tvöfaldast á tíu ára tímabili. Þá hefur einstaklingum sem fá alþjóðlega vernd á hverju ári fjölgað verulega, þ.e. fjöldinn hefur sjöfaldast á síðustu tíu árum.

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands þá fer dómsmálaráðherra með málefni er varða Útlendingastofnun og kæruneftnd útlendingamála en félags- og barnamálaráðherra fer með málefni innflytjenda, þar á meðal atvinnuleyfi fyrir útlendinga, flóttafólk og Fjölmeningarsetur. Verkaskipting í þjónustu ríkis og sveitarfélaga við innflytjendur er sú sama og í þjónustu við aðra borgara samfélagsins.

**Lög um málefni innflytjenda** eru frá árinu 2012 og hafa lögin það að markmiði stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Löginn fjalla einna helst um stjórnsýsluna innan málaflokksins, bæði til að auka skýrleika og til að tryggja að ákveðin verkefni séu framkvæmd eins og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og þróunarsjóður í málefnum innflytjenda.

**Fjölmeningarsetur** starfar samkvæmt lögum um málefni innflytjenda og eru verkefni þess meðal annars að veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda. Þá er Fjölmeningarsetur sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á mótinn innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið auk þess að taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur innflytjenda.

Stefna stjórnvalda í málaflokknum birtist í **framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda** sem kveðið er á um í lögnum og gildir til fjögurra ára í senn. Framkvæmdaáætlunin byggist á fimm stöðum, þ.e. samfélag, fjölskyldan, menntun, atvinna og flóttafólk og undir hverri stöð eru tilgreindar aðgerðir til þess að ná því markmiði að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum.

**Innflytjendaráð** er sex manna ráð, skipað fulltrúum félags- og barnamálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, dómsmálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Þá er forstöðumaður Fjölmeningarseturs áheyrnarfulltrúi. Hlutverk ráðsins er að stuðla að samhæfingu og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og innan stjórnsýslunnar, vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Þá gerir ráðið tillögur til ráðherra um áherslur og styrkveitingar úr þróunarsjóði innflytjendamála.

**Þróunarsjóður innflytjendamála** hefur verið starfræktur frá árinu 2007 og árlega er úthlutað úr honum í verkefni og rannsóknir er varða málefni innflytjenda. Mikill fjöldi umsókna berast árlega og hefur sjóðurinn nýst vel til nýsköpunar í málflokknum.

---

<sup>1</sup> Með innflytjanda er átt við „einstakling sem er fæddur erlendis, á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis, auk þess sem afar og ömmur sem öll eru fædd erlendis“. Annarrar kynslóðar innflytjandi er „einstaklingur sem fæddur er hér á landi en á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis, auk þess sem afar og ömmur eru fæddir erlendis. Barn innflytjanda sem ekki fæðist hér á landi, heldur flytur til landsins á barnsaldri, er skilgreint sem innflytjandi“

Unnið hefur verið markvisst að því innan félagsmálaráðuneytisins að samþætta hagsmuni innflytjenda allri stefnumótun, stjórnslu og þjónustu hins opinbera.

### Samræmd móttaka flóttafólks

Unnið hefur verið að samræmdri móttöku flóttafólks hérlandis í umtalsverðan tíma. Sú vinna byggist á tillögum sem unnar voru af hálfu nefndar sem skipuð var af félags- og jafnréttismálaráðherra árið 2017. Samræmd móttaka snýr að því að öllum einstaklingum sem fá alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi standi til boða að setjast að í sveitarfélagi sem hefur gert samning við félagsmálaráðuneytið um þjónustu við flóttafólk. Jafnframt hafa Vinnumálastofnun og Fjölmenningarsetur fengið aukið fjármagn til þess að auka þjónustu við einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd, óháð því hvort einstaklingar ákveða að þiggja boð um að fara í móttökusveitafélag.

Hingað til hafa verið gerðir samningar við sveitarfélög um móttöku flóttafólks sem kemur til landsins í boði stjórnvalda þar sem greitt er bæði fyrir útlagðan kostnað hjá sveitarfélagunum og starfsmannakostnað. Slíkt hefur ekki verið gert þegar um er að ræða flóttafólk sem kemur á eigin vegum en þá hefur verið greitt fyrir útlagðan kostnað í samræmi við 15.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en ekki hefur verið greitt fyrir starfsmannakostnað. Það sem fellur undir útlagðan kostnað er meðal annars öll fjárhagsaðstoð, húsbúnaðarstyrkur, sérstök aðstoð vegna barna, námsstyrkur, styrkur til íslenskunáms og styrkur vegna tannlækninga. Gefnar voru út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks árið 2014 og hafa félagsþjónustur sveitarfélaga stuðst við reglurnar vegna móttökupjónustu við flóttafólk.<sup>2</sup>

Fyrir liggur viljayfirlýsing milli félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að eiga samstarf um reynsluverkefni til eins árs er lýtur að samræmdri móttöku flóttafólks. Reynsluverkefnið felur í sér að móttökusveitarfélög tryggji samfellda og sveigjanlega þjónustu og gerð einstaklingsmiðaðra áætlana. Markmiðið með reynsluverkefninu er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvarðanatöku um áframhaldandi innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks.

Félagsmálaráðuneytið mun gera samning við sveitarfélög sem hafa áhuga á því að taka þátt í reynsluverkefninu.

Samningarnir taka til aukinnar þjónustu sem þörf er á þegar flóttafólk er að stíga sín fyrstu skref inn í samfélagið og er sérstaklega hugað að þörfum barnafjölskyldna. Sveitarfélögin vinna samkvæmt samningnum að einstaklingsbundinni áætlun með einstaklingum þar sem sett eru ákveðin **markmið**, hvort sem þau snúa að námi, atvinnu eða öðrum þáttum. Þá er gert ráð fyrir að einstaklingum sé fylgt eftir í lengri tíma en verið hefur.

Hlutverk **Fjölmenningarseturs** hefur verið eflt og mun það vera sveitarfélögum til ráðgjafar, veita faglegar leiðbeiningar og para saman móttökusveitarfélög og einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd og ákveða að fara í formlega móttöku.

---

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/leidb.regjur.LOK.pdf>

**Vinnumálastofnun** hefur verið falið að annast íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir þá sem hlotið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi til viðbótar við hefðbundin verkefni er varða ráðgjöf og vinnumiðlun.

Með samræmdri móttöku flóttafólks er stígið mikilvægt skref til að bæta og jafna þjónustu við flóttafólk óháð því hvernig það kemur til landsins en á síðustu árum hefur einstaklingum sem koma hingað á eigin vegum í leit að alþjóðlegri vernd fjölgað umtalsvert.

### Samfélagsfræðsla fyrir fullorðið flóttafólk

Hluti af verkefni um samræmda móttöku flóttafólks er íslensku- og samfélagsfræðsla til fullorðins flóttafólks og ber Vinnumálastofnun ábyrgð á því verkefni. Undirbúningur þessa verkefnis hófst á árinu 2019 þegar vinnuhópur innan stofnunarinnar gerði sérstaka úttekt á skipulagi samfélagsfræðslu til flóttafólks í Noregi og var í framhaldi af því tekin ákvörðun um að hafa uppbyggingu, innihald og framkvæmd norska **Introduktionsprogrammet** til hliðsjónar samfélagsfræðslunni hér á landi. Ástæða þess að horft er sérstaklega til Noregs og Norðurlandanna er löng og góð reynsla af úrræðinu þar í landi sem og á hinum Norðurlöndunum<sup>3</sup>.

Farið hefur fram útboð á verkefninu og varð **Mímir-símenntun** hlutskarpast. Í september mun Mímir skila af sér öllum texta til Vinnumálastofnunar og fer þá í gang textarýni sem lýkur um lok mánaðarins. Ákveðið hefur verið að óska eftir að hagsmunaaðilar rýni námsgögnin og komi með athugasemdir. Eftir að tillit hefur verið tekið til ábendinga og umsagna verður ráðist í að þýða efnið á arabísku, spænsku, persnesku, kúrdísku, íslensku og ensku.

Nú fer fram útboð á vefhönnun og forritun verkefnisins og eru áætluð verklok vefhlutans 11. desember. Samhliða því ferli fer fram gerð myndefnis sem áætlað er að ljúki einnig í byrjun desember. Þrír starfsmenn Vinnumálastofnunar munu fá þjálfun og kennslu í viðhaldi síðunnar og sjá um uppfærslu hennar. Gert er ráð fyrir að prufukeyra námsefnið með nemendum og ef allt gengur að óskum mun hin eiginlega kennsla samfélagsfræðslu til fullorðins flóttafólks hefjast í upphafi ársins 2021.

### Tímabundin ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur

Í ljósi þess að fjölmargir einstaklingar hér á landi geta ekki aflað sér upplýsinga í síma eða á netinu sökum skorts á íslensku- og enskukunnáttu og geta þar af leiðandi ekki nýtt sér þær rafrænu upplýsingar og þjónustuleiðir sem í boði eru var samþykkt þingsályktunartillaga<sup>4</sup> um að setja á fót **ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur** til reynslu á höfuðborgarsvæðinu.

Markmiðið með ráðgjafastofunni er að veita sem flestum einstaklingum möguleika á að fá upplýsingar og leiðbeiningar á einum stað. Með því að bjóða upp á viðtöl og upplýsingar á einum stað má samhliða því að bæta þjónustuna við einstaklinga, létta á því álagi sem skapast á aðrar þjónustustofnanir á borð við félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun og fleiri aðila þar sem aukið álag er nú þegar vegna kórónuveirufaraldursins. Fyrirhugað er að sérfræðingar frá öðrum stofnunum verði staðsettir á ráðgjafarstofunni, t.d. starfsmenn Vinnumálastofnunar. Félagsmálaráðuneytið mun leiða verkefnið á

<sup>3</sup> <http://www.arbeidslivinorden.org/i-fokus/i-fokus-2017/integrasjon/article.2017-06-20.9416534397>

<sup>4</sup> <https://www.althingi.is/alttext/149/s/0019.html>

reynslutímabilinu og ráðinn verður verkefnastjóri. Búið er að fjármagna verkefnið til reynslu og er nú unnið að því að finna húsnæði og hefja aftur samráð við helstu samstarfsaðilanna.

## Heildræn langtímastefna í málefnum innflytjenda

Pingsályktun um móttun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu var samþykkt á Alþingi á 150. löggjafarþinginu. Félags- og barnamálaráðherra var falið í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra að móta stefnu fyrir einstaklinga og fjölskyldur af erlendum uppruna sem hafi það að markmiði að auka gagnkvæman skilning og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Sérstök áhersla skal lögð á félagsleg réttindi, heilbrigðisþjónustu, menntun og atvinnuþátttöku þannig að á Íslandi verði fjölmenningsamfélag þar sem grundvallarstefin eru jafnrétti, réttlæti og virðing fyrir lífi án mismununar.

Með heildarstefnu í málefnum innflytjenda og útlendinga, þar sem hugað er að þörfum einstaklinga og samfélagsins má leggja grunn að samfélagi þar sem allir einstaklingar taka virkan þátt og búa við jöfn tækifæri óháð uppruna. Lagt hefur verið til að stofnaður verði starfshópur með þátttöku allra ráðuneyta ásamt fulltrúum frá Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun, undir stjórn félags- og barnamálaráðherra, sem hefur það hlutverk að móta heildræna langtímastefnu stjórnvalda er varðar málefni innflytjenda og útlendinga. Viðtækt samráð skal einnig haft við hagsmunaaðila, m.a. samtök aðila vinnumarkaðarins, samtök innflytjenda, sveitarfélög, háskólasamfélagið, félagasamtök og stofnanir.

## Ítarefni 2 – Innflytjendur á Íslandi

### Erlendir ríkisborgarar og búferlaflutningar

Erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur fjölgað hratt síðustu ár og voru þeir um 50.000 í lok annars ársfjórðungs 2020. Þá hafði þeim fjölgað um nálægt 4.000 manns á einu ári. Erlendum ríkisborgurum hafði fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár, allt til loka fyrsta ársfjórðungs í ár þegar þeir voru um 51.000. Þeim fækkaði um nálægt 1.000 manns á öðrum ársfjórðungi og gera má ráð fyrir því að sú fækkun haldi áfram á þessu ári í ljósi þess samdráttar sem er í íslensku efnahagslífi.


Fjölgun erlendra ríkisborgara hefur verið mun hraðari meðal karla en kvenna síðustu ár. Þann 1. janúar 2019 voru karlar um 26.000 erlendra ríkisborgara en konur ríflega 19.000 og má gera ráð fyrir að af þeim **50.000** erlendu ríkisborgurum sem eru búsettir á Íslandi í dag séu nálægt **30.000 karlar** og **20.000 konur**.

Sem fyrr eru **Pólverjar** fjölmennasti hópurinn sem hingað flytur og voru þeir um 44% erlendra ríkisborgara þann 1. janúar 2019, **Litháar** komu þar á eftir um 9% og voru **Lettar** þriðju fjölmennastir, um 4%. Hlutfall Pólverja hefur farið heldur lækkandi síðustu tvö til þrjú árin en **Rúmenum** hefur fjölgað nokkuð og voru fjórða fjölmennasta þjóðerni erlendra ríkisborgara þann 1. janúar 2019, eða um 3% mannfjöldans.

Þessir búferlaflutningar eru bein afleiðing þeirrar miklu þenslu sem var í efnahagslífinu allt þar til COVID-19 heimsfaraldurinn skall á í mars síðastliðnum. Eftirspurn eftir vinnuafli var langt umfram þá náttúrulegu fjölgun sem er á íslenskum vinnumarkaði.



Þessari miklu eftirspurn var að einhverju marki mætt með aukinni atvinnuþátttöku og fækkun atvinnulausra, en að stærstum hluta með tilkomu erlends starfsfólks sem hafði flust hingað til landsins og voru þá karlar í miklum meirihluta.



**Nettó búferlaflutningar (aðfluttir að brottfluttum frárdregnum) erlendra karla og kvenna til Íslands síðustu ár.**

Á myndinni má sjá að erlendir karlar hafa verið að flytjast í mun meira mæli til landsins en konur þrátt fyrir að vöxtur síðustu ára hafi byggst að mestu leyti á vexti ferðaþjónustu þar sem karlar og konur eru starfandi nokkuð jöfnum höndum. Byggingariðnaður hefur þó einnig verið nokkuð sterkur síðustu ár og þar eru karlar stærstur hluti vinnuaflsins. Þá eru karlar hreyfanlegri vinnuafl og ef um fjölskyldufólk er að ræða þá kom karlarnir jafnan á undan og fjölskyldan í kjölfarið ef tekin er ákvörðun um að setjast að til lengri tíma.

Mynstrið er að sumu leyti svipað og á síðasta þensluskeiði, árin 2004 til 2008. Hluttur kvenna er þó heldur hærri núna, einkum á árunum 2017 til 2019.

Erlendir ríkisborgarar voru ríflega 12% af íbúum landsins þann 1. janúar 2019 og er hlutfallið nú komið í um 14%. Hlutfallið er mun hærra á Suðurnesjum eða ríflega 22% og hefur farið hratt vaxandi síðustu ár vegna þeirrar þenslu sem hefur verið í ferðaþjónustu á svæðinu. Einnig er hlutfallið yfir landsmeðaltali á Vestfjörðum sem á sér sögulegar rætur. Hlutfallið er nálægt landsmeðaltali á Austurlandi, Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi, en nokkru lægra á Norðurlandi eystra og vestra.

Þá er hlutfall erlendra ríkisborgara orðið mjög hátt í einstökum sveitarfélögum sem byggja mikið á ferðaþjónustu, s.s. Mýrdalshrepp (40% árið 2019), Skaftárhrepp (29%), Bláskógabyggð (26%) og Skútustaðahrepp (25%).

#### Erlent vinnuafl – Staða og horfur

Vinnumálastofnun reiknast til að fjöldi erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði verði að jafnaði um **38.000 á árinu 2020**. Er þetta um **18-19% af vinnuaflinu** og er hlutfallið hærra meðal karla eða nær 22%, en 15-16% meðal kvenna.

Vitað er að stór hluti þeirra erlendu ríkisborgara sem hingað hafa komið síðustu ár hafa komið til starfa í ferðaþjónustu og byggingariðnaði, en einnig í ýmsar greinar iðnaðar og annarrar

þjónustu s.s. við ræstingar, umönnun og gæslu. Hins vegar liggja ekki enn fyrir nákvæmar tölulegar upplýsingar um skiptingu erlendra starfsmanna á atvinnugreinar eða starfsstéttir, né heldur hve hátt hlutfall útlendingar eru af heildarfjölda starfandi innan hverrar atvinnugreinar. Ekki liggja heldur fyrir opinberar upplýsingar um menntun erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi þó svo vísbendingar þar um megi fá úr ýmsum rannsóknum sem gerðar eru t.d. upp úr skrám stéttarfélaganna og víðar. Almennt má þó segja að innflytjendur vinni í miklum mæli störf sem ekki eru í samræmi við hæfni þeirra og menntun.

Út frá skráningu atvinnulausra má álykta að flestir erlendir ríkisborgarar sem missa atvinnu sína hafi unnið í störfum sem ekki krefjast mikillar menntunar áður en þeir urðu atvinnulausir. Þannig höfðu um 38% atvinnulausra innflytjenda í ágúst 2020 unnið almenn störf verkamanna í sínu síðasta starfi og um 23% almenn störf við afgreiðslu og ýmsa þjónustu, eða samtals um 61% (samanborið við 33% Ísl.). Um 43% atvinnulausra erlendra ríkisborgara koma úr ferðaþjónustutengdum greinum (samanborið við 30% Ísl.) og 10% að auki úr byggingariðnaði (samanborið við 5% Ísl.).

Þegar litið er á menntun þeirra erlendu ríkisborgara sem eru á atvinnuleysisrá má sjá að um 25% eru með háskólamenntun og um 25% með framhaldsmenntun af ýmsu tagi. Þegar menntun og störf eru samkeyrð má sjá að um 2/3 hlutar háskólamentaðra höfðu unnið við almenn störf verkamanna, við afgreiðslu eða ýmis þjónustustörf sem ekki krefjast þeirrar menntunar sem þeir hafa, en aðeins um 32% þeirra höfðu unnið sérfræði-, stjórnunar- eða skrifstofustörf. Þá höfðu aðeins um 20% iðnmenntaðra útlendinga síðast unnið sem iðnaðarmenn áður en þeir misstu vinnuna, yfir 40% þeirra höfðu unnið sem verkamenn.

Þessi greining atvinnulausra erlendra ríkisborgara gefur ákveðna vísbendingu um stöðu þeirra á vinnumarkaði í heild. Þó ber að hafa í huga að hópur atvinnulausra er á ýmsan hátt frábrugðinn þeim sem ekki eru atvinnulausir og gildir það jafnt um íslenska sem erlenda atvinnuleitendur. Nánar er gerð grein fyrir atvinnuleysi erlendra ríkisborgara í næsta kafla.

Vegna COVID-19 heimsfaraldursins hefur eftirspurn eftir erlendu starfsfólki svo gott sem þurrkast út í ferðaþjónustu og mikið er um uppsagnir í þeirri grein. Sama er að segja um flestar aðrar þjónustugreinar, sem hafa orðið fyrir verulegum samdrætti nú síðustu mánuði. Á hinn bóginn er ennþá töluverð eftirspurn eftir starfsfólki í byggingariðnaði.


Þegar horft er til næstu tveggja ára má gera ráð fyrir að erlendum ríkisborgurum fækki mikið á vinnumarkaði á árinu 2021, en gera má ráð fyrir að jafnvægi náist á árinu 2022 svo fremi sem það takist að ná tókum á veirunni og ferðaþjónusta og þjónustustarfsemi almennt fari að komast í fyrra horf.

### Atvinnuleysi innflytjenda

Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er nokkru meira en meðal landsmanna allra og áætla Vinnuálastofnun að almennt atvinnuleysi (án minnkaðs starfshlutfalls) meðal erlendra ríkisborgara verði um 17% að jafnaði á árinu 2020 og raunar nær 22% í árslok, þar sem atvinnuleysi var mun lægra í byrjun árs. Í heildina eru rúmlega 7.000 erlendir ríkisborgarar nú án atvinnu í september 2020.


Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi meðal Pólverja verði nokkru hærra eða um 21% að jafnaði á árinu 2020, en atvinnuleysi annarra erlendra ríkisborgara sem stefnir í að verða um 11%.

Atvinnulausum erlendum ríkisborgurum fækkaði jafnt og þétt frá árinu 2010 til ársins 2016 þegar þeir voru um 917 að jafnaði. Þeim fjölgaði svo töluvert á árinu 2019 þegar fjöldinn fór í 2.641 að jafnaði. Á þessu ári hefur þeim fjölgað mikið enda mikil fjölgun atvinnulausra almennt. Gert er ráð fyrir að atvinnulausir erlendir ríkisborgarar verði að jafnaði 6.435 á árinu 2020 og hlutfall þeirra af heildaratvinnuleysi verði þá komið í um 39% að jafnaði á árinu 2020.



Áætlað atvinnuleysi eftir ríkisborgararétti síðustu ár

Þar sem erlendum ríkisborgurum fækkaði ekki eins hratt og íslenskum á atvinnuleysissskrá á árunum 2011 til 2016, þá hækkaði hlutfall þeirra af heildaratvinnuleysinu úr um 15% árið 2010 í um 21% á árinu 2016. Erlendum ríkisborgurum hefur síðustu ár haldið áfram að fjölga hraðar á atvinnuleysissskrá en íslenskum og hlutfall þeirra af heildaratvinnuleysi hefur því vaxið hratt og er sem fyrr segir komið í um 39% á þessu ári að jafnaði.




Hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara af heildarfjölda atvinnulausra

Atvinnuleysi hefur verið heldur meira meðal erlendra kvenna en erlendra karla síðustu ár og er munurinn að aukast nokkuð á árinu 2020. **Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi meðal erlendra karla verði rúm 15% að jafnaði á árinu 2020, en um 20% meðal erlendra kvenna.** Ljóst er því að þrengingarnar núna eru að hafa verri áhrif á stöðu erlendra kvenna en erlendra karla á vinnumarkaði, ólíkt því sem var á árunum eftir bankahrunið þegar staða erlendra karla versnaði nokkuð umfram stöðu kvenna og atvinnuleysi meðal erlendra karla fór í um 17% á árinu 2010, en hæst í ríflega 13% meðal erlendra kvenna á árinu 2011.

Ýmsar samverkandi ástæður eru fyrir því að atvinnuleysi er meira meðal erlendra ríkisborgara en Íslendinga. Kunnátta í íslensku er oft lítil enda ekki lögð áhersla á að kenna verkafólki

Íslensku né ensku á meðan næga vinnu er að hafa. Því er ekki auðvelt að finna vinnu á öðrum vettvangi þar sem oft eru gerðar meiri kröfur um lágmarks kunnáttu í íslensku og/eða ensku.



Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara eftir kyni

Útlendingar koma einnig oft í tímabundin verkefni og verða atvinnulausir þegar þeim er sagt upp að þeim verkefnum loknum. Ekki er sjálfgefið að þeim standi til boða að hefja vinnu við önnur stærri verkefni sem eru að fara í gang.

Hrun ferðaþjónustunnar vegna COVID-19 heimsfaraldursins hefur haft afar slæmar afleiðingar fyrir erlenda ríkisborgara sem hafa verið hátt hlutfall af vinnuafli í ferðaþjónustu síðustu ár. Staða ferðaþjónustunnar skýrir því að miklu leyti þá fjölgun og hækkandi hlutfall erlendra ríkisborgara af heildaratvinnuleysinu síðustu ár.

### Innflytjendur sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu

Sendur var út samræmdur spurningalisti á sveitarfélög/félagsþjónustusvæði (31 sveitarfélag/félagsþjónustusvæði) til að fanga betur upplýsingar um umfang og fjölda innflytjenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá sveitarfélögum og svöruðu 13 sveitarfélög/félagsþjónustusvæði spurningalistanum.

Spurt var um fjölda og hlutfall þeirra innflytjenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrstu sex mánuðum ársins auk þess sem sveitarfélögin voru beðin um að greina frá því hvort hlutfall þeirra hefði aukist á tímabilinu og hver skiptingin væri á milli einstaklinga sem væru innan/utan EES. Að lokum gátu sveitarfélög greint frá því ef á vegum þeirra væru starfsrækt sérstök úrræði/verkefni sem miðuð væru að innflytjendum og virkni þeirra á einhvern hátt.

Í **Reykjavík** fengu 683 einstaklingar með erlent ríkisfang fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrstu sex mánuðum ársins (um 40% innan EES og 60% utan EES). Hlutfall innflytjenda var 36% af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í Reykjavík fyrstu sex mánuði ársins. Aukning umsókna um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg nam 22% frá janúar til júní (33% aukning hjá innflytjendum og 17% aukning hjá Íslendingum).

Í **Reykjanesbæ** fengu 120 einstaklingar með erlent ríkisfang fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrstu sex mánuðum ársins (um 20% innan EES og 80% utan EES). Hlutfall innflytjenda var 57,7% af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í Reykjanesbæ í júlímánuði. Hlutfall innflytjenda af heildinni sem fékk fjárhagsaðstoð á fyrstu sex mánuðum ársins í Reykjanesbæ var 57,4%. Hlutfall innflytjenda af heildarfjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hefur aukist úr því að vera 45% í janúar í 56% í júní.

Í **Kópavogi** fengu 88 einstaklingar með erlent ríkisfang fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrstu sex mánuðum ársins (um 38% innan EES og 62% utan EES). Hlutfall innflytjenda var 31,7%

af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í Kópavogi fyrstu sex mánuði ársins og hefur aukist frá því í janúar. Í júní var þetta hlutfall komið upp í 43% hjá Kópavogsbæ.

Í **Hafnarfirði** fengu 53 einstaklingar með erlent ríkisfang fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrstu sex mánuðum ársins (um 36% innan EES og 64% utan EES). Hlutfall innflytjenda var 25% af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í Hafnarfirði fyrstu sex mánuði ársins og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt síðustu mánuði.

Á **Akureyri** fengu 36 einstaklingar með erlent ríkisfang fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrstu sex mánuðum ársins (um 56% innan EES og 44% utan EES). Hlutfall innflytjenda var 20% af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á Akureyri fyrstu sex mánuði ársins og hefur það hlutfall ekki aukist á síðustu mánuðum.

Hjá öðrum sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum sem svöruðu listanum var fjöldi innflytjenda lægri og reyndist hlutfall þeirra af heildinni yfirleitt vera á bilinu 15-20%.

Nokkur sveitarfélög reyndust bjóða upp á úrræði sem miða að því að veita sértækan stuðning við innflytjendur sem fá fjárhagsaðstoð. Til að mynda hefur verið í gangi atvinnuáttak hjá bæði Akureyrarbæ og Hafnarfirði, virkniúrræði í boði Vesturafis hjá Ísafjarðarbæ og SPARE uppeldisnámskeið fyrir arabískumælandi foreldra hjá Reykjavíkurborg svo eitthvað sé nefnt.

## Ítarefni 3 - Þjónusta við innflytjendur í atvinnuleit

### Alþjóðadeild hjá Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun skipuleggur nú þjónustu sína og ráðgjöf til atvinnuleitenda fyrir haustið og hefur í ljósi hlutfalls innflytjenda af heildarfjölda atvinnuleitenda (40%) sett á laggirnar alþjóðadeild sem ætlað er að endurskoða vinnu- og verklag á þjónustu við fólk af erlendum uppruna sem þiggur atvinnuleysisbætur.

Á næstu vikum er fyrirhugað að greina hópinn betur út frá upplýsingum um hann og senda út **könnun** til erlendra atvinnuleitenda til spyrja um þarfir þeirra á námskeiðum og öðrum úrræðum. Einnig er fyrirhugað að skipuleggja **rýnihópa** þar sem fólk af erlendum uppruna er kallað til samtals. Á grundvelli bæði könnunar og rýnihópavinnu verður óskað eftir **tillögum frá fræðsluáðilum** um nýjar hugmyndir að námskeiðum og öðrum úrræðum sem geta nýst hópnum. Samhliða þessu mun verða rýnt í **rannsóknir** um hópinn og óskað eftir upplýsingum frá **ráðgefandi aðilum** sem sérþekkingu hafa á vinnumálum fólks af erlendum uppruna.

Verkefni deildarinnar eru þrjúþætt:

1. Aðstoð við atvinnuleitendur
2. Samstarf við atvinnulífið
3. Fræðsla til starfsfólks

### Aðstoð við atvinnuleitendur

- Áhersla verður á að hvetja fólk af erlendum uppruna, sem ekki talar íslensku á að nýta sér íslenskunámskeið en tvö námskeið á ári munu verða greidd að fullu af Vinnumálastofnun.

- Sérstök áhersla verður lögð á að hvetja hópinn til að nýta sér námsframboð og námssamninga og skoðað verður hvernig hvetja skal einstaklinga til að nýta sér raunfærnimat í atvinnuleitinni.
- Framboð af úrræðum og námskeiðum verður í samræmi við þarfir hverju sinni en lögð verður áhersla á að úrræðin nýtist í starfsleit þ.e. auki við hæfni/færni sem nýtist á vinnumarkaði.
- Atvinnuleitendur verða hvattir til að búa sér til störf með því að þróa eigin viðskiptahugmyndir og nýta úrræði Vinnumálastofnunar í þeim efnum.
- Atvinnuleitendum verður ýmist boðið upp á ráðgjöf á þjónustuskrifstofu og/eða í gegnum síma/internetið.

### Samstarf við atvinnulífið

- Atvinnurekendur verða markvisst hvattir til að nýta sér vinnumarkaðsúrræði um ráðningarstyrk.

### Fræðsla til starfsfólks

- Til að auka gæði þjónustunnar verður veitt fræðsla til starfsfólks. Fræðsla til starfsfólks mun taka mið af því að efla færni þess til að eiga samskipti við fólk með mismunandi menningarlegan bakgrunn, en atvinnuleitendur af erlendum uppruna eru frá **110 löndum** og hafa fjölbreytta reynslu og menntun.
- Deildin leggur mikla áherslu á góða samvinnu og samtal við hagsmunaaðila, svo sem félagsmálaráðuneytið, sveitarfélög, stéttarfélög, fræðsluaðila, Rauða krossinn og félagasamtök sem vinna með fólki af erlendum uppruna.
- Mikilvægt er að stofnunin vinni þróunar/samstarfsverkefni með innlendum og erlendum samstarfsaðilum til að efla þekkingu og læra af öðrum sem vinna með þennan hóp.
- Ensk heimasíða Vinnumálastofnunar verður eflað og lögð verður áhersla á að allar upplýsingar verði aðgengilegar þar. Samfélagsmiðlar verða einnig nýttir til kynningar enda er þar auðvelt að koma skilaboðum á framfæri við mismunandi tungumáláhópa.

Hjá alþjóðadeild Vinnumálastofnunar starfa nú fimm starfsmenn og er fyrirhugað að fjölga þeim nú á haustmisseri til að koma til móts við auknar þarfir um þjónustu.

### Sértæk þjónusta við flóttafólk í atvinnuleit

Samkvæmt samkomulagi við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks frá árinu 2019 hafa félagsþjónustur sveitarfélaga og Útlendingastofnun getað vísað flóttafólki sem þau meta vinnufært og tilbúið í starf til Vinnumálastofnunar í sértæka þjónustu og ráðgjöf. Frá árinu 2019 hefur Vinnumálastofnun tekið á móti 430 einstaklingum í þessa þjónustu og af þeim hafa 143 farið í starf eða nám þ.e. um **33% einstaklinga**.

Ráðgjafarþjónusta við flóttamenn hjá Vinnumálastofnun felst fyrst og fremst í **greiningarviðtali** og **eftirfylgniviðtölum**. Í greiningarviðtali eru óskir og væntingar viðkomandi kortlagðar er varðar þátttöku á íslenskum vinnumarkaði. Í eftirfylgniviðtölum aðstoðar ráðgjafi við gerð ferilskrár, skráningu á ráðningarstofur, umsóknir um störf o.fl. Ensku- og arabískumælandi atvinnuleitendur hafa getað skráð sig á starfsleitarnámskeið hjá ensku og arabískumælandi ráðgjöfum stofnunarinnar en aðrir hafa fengið einstaklingsbundnari aðstoð í atvinnuleit inn á svokölluðu Atvinnutorgi sem staðsett er í móttökunni í Kringlunni 1

í Reykjavík. Vegna fjölda spænskumælandi einstaklinga er kominn grundvöllur fyrir spænsk starfsleitarnámskeið og er fyrirhugað að hefja slík námskeið nú á haustmisseri.

Ráðgjafar við flóttafólk hjá Vinnumálastofnun vinna þétt með atvinnurekendum og kanna möguleika á starfi fyrir sína ráðþega með hjálp ráðningarstyrkja þegar það á við. Fjölmargir flóttamenn hafa fengið tækifæri á vinnumarkaði í gegnum samning um ráðningarstyrk þar sem fyrirtæki fá fjárstyrk til að ráða einstaklinga í allt að sex mánuði.

Á næstu vikum gefst flóttafólki í atvinnuleit kostur á því að velja sér námskeið sem nýtast munu í atvinnuleitinni. Meðal þeirra námskeið sem í boði verða eru:

- **Íslenskumat og íslenskunámskeið** í samræmi við mat frá fræðsluaðila.
- **Starfsleitarnámskeið** á ensku, arabísku eða spænsku.
- **Stökkpallur** - námskeið fyrir unga flóttamenn án atvinnu. Þar er markmiðið að virkja og auka jákvæðni til þátttöku á vinnumarkaði. Á námskeiðinu er boðið upp á tveggja vikna vettvangsnám en í heild er námskeiðið átta vikur.
- **Námskeið í upplýsinga- og menningarläsi** - á ensku, spænsku og arabísku þar sem markmiðið er að auka þekkingu og hæfni í notkun snjalltækja og nýtingu rafrænna miðla og tækja til að verða sterkari samfélagsþegnar og þannig öðlast aukna starfshæfni. Lögð er áhersla á rafræna borgaravitund, þ.e. kennslu í notkun rafrænna skilríkja og Íslykils á helstu heimasíðum íslenskra stofnana og fyrirtækja auk þess sem fjallað er um réttindi, skyldur, skipulag og reglur á íslenskum vinnumarkaði. Að lokum er farið í fræðslugöngu um Reykjavík.
- Flóttamenn geta einnig fengið styrk til að fara á **starfstengd námskeið** eins og til meiraprófs auk þess sem þeir geta farið á vinnuvélanámskeið sem kennd eru á ensku og nú nýlega einnig á arabísku.

Vinnumálastofnun er þátttakandi í Nordplus verkefninu „*Design thinking to creatively tackle unemployment*“ og stefnir á að halda námskeið því tengdu nú í haust. Um er að ræða námskeið sem haldið er fyrir spænskumælandi flóttafólk þar sem markmiðið er að skapa tækifæri til að mynda stuðningsnet, hvetja til frumkvæðis, auka faglega hæfni og nýta sköpunarkraft einstaklingsins. Um er að ræða tvær vinnustofur, en námskeiðið átti upphaflega að vera í mars/apríl en sökum sóttvarnarráðstafanna frestaðist það.

#### Atvinnuleit í öðru landi – U2 vottorð

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þau réttindi að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og haldið atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Þessi vottorð eru nær eingöngu nýtt af innflytjendum og á þessu ári hefur orðið mikil aukning í útgáfu þeirra í ljósi aukins atvinnuleysis.

Á þessu ári hafa verið gefin út 1.202 vottorð til atvinnuleitar í öðru EES ríki en á öllu síðasta ári voru gefin út um 1.400 vottorð. Reynslan af þessu úrræði hefur sýnt að um helmingur þeirra atvinnuleitenda sem nýta sér þennan rétt finnast ekki á atvinnuleysissskrá Vinnumálastofnunar þremur mánuðum eftir að úrræði lýkur. Í fyrra var þetta hlutfall 60%. Af þeim 1.202 vottorðum sem gefin hafa verið út frá janúar til ágúst á þessu ári þá hafa flestir farið til Póllands (63%) og næst flestir til Litháens (10%) í atvinnuleit.

## Tillögur samhæfingarhóps um atvinnu- og menntaúrræði sem lúta að innflytjendum

Líkt og komið hefur fram í fyrri stöðuskýrslum hefur samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði til handa atvinnuleitendum verið að störfum frá því í vor og skilaði hópurinn drögum fyrir sumarið að tillögum sínum. Í þeim tillögum er gert ráð fyrir nokkrum sértækum aðgerðum sem lúta að innflytjendum þótt lögð sé áhersla á það að öll úrræði verði aðgengileg þeim hópi líkt og öðrum atvinnuleitendum á íslenskum vinnumarkaði.

Samhæfingarhópurinn leggur áherslu á tvo hluti sem lúta að innflytjendum:

- ...að allt **íslenskunám verði endurskoðað** og endurbætt í ljósi þess að eðlilegt og mikilvægt sé að stutt sé við íslenskunám innflytjenda. Hópurinn leggur til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi forgöngu um þessa endurskoðun þar sem lögð verði áhersla á stöðumat í íslensku og að byggt verði á hæfnikröfum A-C í evrópska tungumálaráttum.
- ...að **heimildum Vinnuálastofnunar til að veita ráðningarstyrki verði beitt í auknu mæli** til að auðvelda innflytjendum innkomu á íslenskan vinnumarkað. Jafnframt er lögð áhersla á að aðferðafræði stuðnings í starfi (supported employment) verði beitt samhliða þátttöku í slíku úrræði þar sem tiltekin einstaklingur í fyrirtæki (e. mentor) tekur viðkomandi atvinnuleitanda að sér og styður við innkomu á vinnumarkaðinn.

## Ítarefni 4 - Önnur sértæk úrræði/aðgerðir fyrir innflytjendur

Samræmdur spurningalisti var sendur til 26 félagasamtaka þann 3. september sl. þar sem þau voru spurð út í þjónustu/aðstoð sína við innflytjendur og hvort þau hefðu merkt aukningu innflytjenda í þjónustu sinni umfram aðra frá því í febrúar. Alls bárust svör frá 21 félagasamtökum og gátu fjögur þeirra fullyrt að um aukningu innflytjenda í þjónustu sína umfram aðra væri að ræða þ.e. Landssamtökin Þroskahjálp, Hjálpræðisherinn, Rauði krossinn og Fjölskylduhjálp Íslands. Fram kom í svörum félagasamtakanna að mjög fjölbreytt þjónusta væri í boði fyrir innflytjendur sem þyrftu á aðstoð þeirra að halda.

Hjá **Landssamtökunum Þroskahjálp** eru innflytjendur um 30% skjólstaðinga og hefur málum þar fjölgað um helming frá því í febrúar. Þangað leita sífellt fleiri innflytjendur með ýmsar áskoranir sem tengjast fötluðum börnum og oft er það vegna þess að þeir geta ekki leitað á aðra staði með mál sín. Málin eru að þyngjast að þeirra sögn.

**Hjálpræðisherinn** segir innflytjendur vera á bilinu 70-80% skjólstaðinga sinna en þeim hefur fjölgað um 30% frá því í febrúar. Í svörum þeirra kemur fram að innflytjendur leiti annars konar aðstoðar en aðrir sökum lítills tengslanets, lítillar samfélagslegrar þekkingar og lítillar tungumálakunnáttu. Hjálpræðisherinn er með sérstakt saumastofuverkefni í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar þar sem markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun innflytjenda kvenna, skapa samfélag og mynda traust.

**Rauði krossinn** segist merkja töluverða aukningu í þjónustu við innflytjendur en erfitt er að setja á það prósentutölu vegna eðlis ólíkra verkefna. Hlutfallið liggur þó á bilinu 15-30%. Sérstaklega nefna þau 60% aukningu meðal flóttafólks eftir sálfélagslegum stuðningi og margfalda aukningu innflytjenda í svokölluðu símavinaverkefni, en þar er markmiðið að rjúfa félagslega einangrun. Verkefnisstjórar hjá Rauða krossinum segjast merkja aukin kvíða í hópi



innflytjenda sem stafi af atvinnuóvissu og lítils tengslanets. Fjölbreytt verkefni eru í boði miðuð að innflytjendum þar sem markmiðið er að stuðla að gagnkvæmri aðlögun fólks og samfélags með öryggi, velferð og valdeflingu í fyrirrúmi. Má þar t.d. nefna:

- **Leiðsöguvinir**; félagslegt verkefni fyrir fólk með alþjóðlega vernd á Íslandi.
- **Tölum saman**; íslenskuþjálfun og félagsleg tengsl fyrir fólk með alþjóðlega vernd á Íslandi.
- **Æfingin skapar meistarann**; hagnýt íslenskuþjálfun og félagsleg tengsl fyrir innflytjendur.
- **Opið hús fyrir innflytjendur**; hagnýt úrræði (sálfélagslegur stuðningur, aðstoð varðandi húsnæði, menntun, atvinnu o.s.frv.) fyrir alla innflytjendur, óháð lagalegri stöðu.
- **Mánudagsklúbburinn**; ungmennaverkefni fyrir ungmenni í leit að alþjóðlegri vernd.
- **Tómstundasjóður flóttabarna og barnafjölskyldna** með alþjóðlega vernd.
- **Ýmis félagsleg verkefni** fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.
- **Leitarþjónusta og fjölskyldusameiningar**: ráðgjöf fyrir fólk í leit að vernd og eftir veitingu verndar.
- **Námsaðstoð**: Stuðningur við heimanám fyrir börn af erlendum uppruna.
- **Hjálparsíminn 1717** var nýlega að bæta við svörum á pólsku auk ensku og íslensku.

Hjá **Fjölskylduhjálpi Íslands (FÍ)** hefur orðið 30% aukning innflytjenda í þjónustu þeirra frá því í febrúar en að jafnaði eru innflytjendur um helmingur allra skjólstaðinga þeirra. Skv. svörum FÍ þá afgreiddu þau að jafnaði um 30 matargjafir á hverjum virkum degi í Reykjanesbæ og í júlí og ágúst afgreiddu þau matargjafir ofan í 2300 einstaklinga, þar af rúmlega 400 börn. Gera má því ráð fyrir að um helmingur þeirra séu innflytjendur. Fjölskylduhjálpin heldur stóra matarúthlutun í Íðufelli 14 dagana 10.-18. september en fólk sækir um úthlutun inni á heimasíðu þeirra og fær svo sms þegar óhætt er að sækja matarpakkann.

**Öryrkjabandalagið (ÖBÍ)** heldur ekki utan um uppruna þeirra sem til þeirra leita í viðtöl en greiðir túlkabjónustu sé þess þörf. Fram kemur að fjölgað hafi í hópi þeirra sem leita aðstoðar hjá ÖBÍ og hafa flust til Íslands síðastliðin ár. Má það sérstaklega rekja til útreikninga búsetuhlutfalls hjá Tryggingastofnun (TR) og skerðingaráhrif þess á framfærslu þessa hóps. ÖBÍ segir ljóst að fólk sem ekki talar íslensku eða hefur takmarkaða íslenskukunnáttu eigi í erfiðleikum með að nálgast upplýsingar um réttindi sín hjá hinu opinbera og nefna þau sérstaklega vefsíðu Sýslumanns og „mínar síður“ Tryggingastofnunar því til stuðnings.

Hjá **Foreldrahúsi** eru um 20% foreldra innflytjendur og hefur það hlutfall haldist nokkuð óbreytt síðustu mánuði. Í svörum Foreldrahúss kemur fram að innflytjendur leiti sér aðstoðar seinna en aðrir og að oft séu mál þeirra þá orðin erfiðari og þyngri. Einnig benda þau á að menningarleg þekking ráðgjafa hjá hinu opinbera sé stundum af skornum skammti og svo kjósi erlendir skjólstaðingar oft að láta ekki túlka, vegna smæðar síns samfélags og af hræðslu við trúnaðarrest. Slíkt leggur oft aukna ábyrgð á herðar barna við túlkun.

Hjá **Hjálparstarfi kirkjunnar (HK)** hefur hlutfall innflytjenda af heildarfjölda haldist stöðugt síðustu mánuði og er í kringum 44%. Ástæðan er fyrst og fremst rakin til þess að fataúthlutun þeirra hefur ekki verið starfsrækt frá því mars en þar eru skjólstaðingarnir fyrst og fremst innflytjendur eða í 95% tilvika. Fram kemur í svörum HK að ráðgjöf félagsráðgjafa þeirra sé alltaf að verða sértækari fyrir innflytjendur og að starfsrækt sé saumaverkefni með Hjálpræðishernum fyrir erlendar konur sem nefnist „*Taupokar með tilgang*“. Bæði saumaverkefnið og fataúthlutunin eru nú komin í gang aftur með ákveðnum takmörkunum þó.

Hjá **Bjarkarhlíð** var hlutfall innflytjenda í þjónustu um 13% árið 2019 og hefur haldist stöðugt síðustu mánuði. Bjarkarhlíð er í samstarfi við pólskar konur sem hlutu styrk frá Jafnréttissjóði

Íslands árið 2017 en þær hafa haldið opið hús fyrir pólskar konur á þriðjudögum í Bjarkarhlíð. Markmiðið er að kynna úrræði vegna ofbeldis og að ná til kvennanna. Fyrsti sjálfshjálparhópur á vegum þessa verkefnis var í maí og júní og var góð þátttaka. Bjarkarhlíð tók einnig við tilraunaverkefni um samhæfingamiðstöð fyrir þolendur mansals í júlí sl. Alls hafa borist 5 tilkynningar þar sem grunur er um mansal og tengist það allt vinnumansali.

Í **Kvennaathvarfinu** var hlutfall innflytjenda kvenna í þjónustu 33% og hefur athvarfið ekki merkt aukningu í þjónustuna á síðustu mánuðum frá innflytjendum. Fram kemur í svörum Kvennaathvarfsins að reynt sé að bregðast við þörfum innflytjenda og sníða þjónustuna að hverri konu óháð uppruna. Fram kemur að innflytjendakonur þurfi oft á tíðum upplýsinga- og samskiptaadstoð við stofnanir, leigusala, vinnuveitendur og skóla sem reynt sé að mæta.

Hjá mörgum félagasamtakanna er hlutfall innflytjenda á bilinu 5-15% og í öllum tilvikum stendur almenn þjónusta innflytjendum einnig til boða. **Geðhjálp** býður upp á sjálfshjálparhóp fyrir pólskumælandi einstaklinga sem stýrt er af pólskum sálfræðingi og flestir bjóða upp á viðtöl hjá sínum félagasamtökum á ensku.

Mörg félagasamtakanna njóta góðs af sjálfboðaliðum og starfsfólki úr röðum innflytjenda og segja m.a. **Hlutverkasetur** og **Rauði krossinn** að það skipti miklu máli að innflytjendur sjái aðra innflytjendur fá tækifæri og miðla upplýsingum á sínu móturmáli. Hjá Rauða krossinum eru um 10% allra sjálfboðaliða innflytjendur. Flest félagasamtökin bjóða upp á túlkþjónustu og hafa í sínum röðum eða hafa í hyggju að fjölga sérmenntuðu fólki með tungumálaþekkingu í ljósi ástandsins.

Ef taka ætti svör félagasamtakanna saman þá er þar að finna mikla áherslu á **virgni** og það að **rjúfa félagslega einangrun** innflytjenda með **lítið tengslanet** á Íslandi. Margir nefna **takmarkað aðgengi** innflytjenda að upplýsingum og að oft séu félagasamtök í þeirri stöðu að leiðbeina málum í annan farveg en innan sinna félagasamtaka. Það er von teymisins að verðandi ráðgjafastofa innflytjenda komi til með að mæta einhverjum af þeim áskorunum sem fram komu í skýrum svörum félagasamtakanna.

### Aðgengi að upplýsingum

Við upphaf heimsfaraldursins var ljóst að huga þyrfti vel að upplýsingamiðlun til allra íbúa landsins. Ákveðið var að miðla öllum upplýsingum í gegnum eina upplýsingavefsíðu, þ.e.  **covid.is**. Félagsmálaráðuneytið hafði milligöngu um þýðingar á sex tungumálum, þ.e. **arabísku, spænsku, farsí, kúrdísku, litháísku og tælensku** en auk þess voru upplýsingar þýddar á **ensku og pólsku**. Áhugavert er að segja frá því að upplýsingarnar á þýddu síðunum eru vel sóttar og því til sönnunar hefur til að mynda arabíska síðan hefur verið heimsótt 935 sinnum frá 1. ágúst.

Vitunarátakið **Við erum öll barnavernd** var þýtt á fjölda tungumála og myndböndum dreift á samfélagsmiðlum í apríl og maí.

Áhersla er lögð á kynna aðgerðir meðal innflytjendahópa og leitað sé leiða til þess að ná til fjölskyldna af erlendum uppruna varðandi aðgerðir sem snúa að börnum og ungmennum en einnig vinnumarkaðsaðgerðir og aðgerðir til að sporna við heimilisofbeldi.

## Stuðningur við fötluð börn af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra

Hjá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins hefur verið ráðinn verkefnisstjóri til þess að annast sérstakan stuðning við fötluð börn af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra. Verkefnið er í vinnslu en unnið hefur verið að gerð fræðslu- og þjálfunarefnis m.a. til þess að auka samfélagsfærni á erlendum tungumálum til þjálfunar fyrir fötluð börn innflytjenda.

## Aukin frístundastarfsemi barna í viðkvæmri stöðu sumarið 2020

Sveitarfélögum sem töldu þörf á að auka við frístundastarfsemi barna í viðkvæmri stöðu í sumar, umfram hefðbundið sumarstarf, stóð fjárhagslegur stuðningur til boða. Horft var til aldurshópsins 12 til 16 ára og áhersla lögð á að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja hefðbundið frístundastarf. Alls sóttu **30 sveitarfélög** um styrk og fengu þau öll samþykktu úthlutun. Umsóknirnar voru af ýmsum toga og má þar t.a.m. nefna verkefni með sérstakri áherslu á að ná til barna og unglinga með mismunandi menningarlegan bakgrunn, aukinn stuðningur fyrir unglinga með flóttabakgrunn og börn og ungmenni með annað móðurmál en íslensku. Áætlað er að sveitarfélög skili stuttri skýrslu um framvindu verkefna og árangur til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. október 2020.

## Stuðningur við börn af erlendum uppruna vegna skerts skólustarfs á tímum COVID-19

Félagsmálaráðuneytið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði samning við **Samtökin Móðurmál** um að annast **fjarkennslu fyrir börn af erlendum uppruna** í apríl og maí. Tilurð samningsins var að í ljós kom að börn af erlendum uppruna voru ekki að stunda heimanám í samkomubanninu eins mikið og innlend börn samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þá var talið að börnin væru meira einangruð og fengju ekki þá aðstoð sem þau gátu fengið undir venjulegum kringumstæðum, t.d. heimanámsaðstoð eða ráðgjöf. Það var mikilvægt skref að finna leiðir til að styðja við börn af erlendum uppruna við nám sitt og bjóða þeim upp á fleiri möguleika á því að vera í samskiptum við aðila utan heimilis á meðan samkomubann var í gildi. Samkvæmt lokaskýrslu verkefnisins þá kom fram að bæði börn og foreldrar þeirra nutu góðs af þeim samskiptum sem urðu í sambandi við móðurmálskennslu og heimanámsaðstoð. Bæði var boðið upp á einstaklingstíma og hópatíma og tóku 34 móðurmálskennarar þátt í verkefninu. Með verkefninu opnuðust nýjar leiðir til kennslu á móðurmáli og sýnt var fram á að hægt er að bjóða upp á kennslu óháð staðsetningu.

## Samfélagsverkefnið - Allir með.

**Allir með** er verkefni sem miðar að því að auka þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjanesbæ, með **sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna**. Markmið verkefnisins er að auka vellíðan barna með því að efla félagsleg tengsl þeirra og tungumálafærni gegnum hreyfingu og félagslega þátttöku.

Verkefnið hófst árið 2017 með styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamál og bar þá heitið *Vertu memm*. Helsti ávinningur þess hluta verkefnisins var betri nýting á hvatagreiðslum, þ.e. frístundastyrkjum sem veittir eru til niðurgreiðslu vegna þátttöku barna í íþróttum og tómstundastarfi í Reykjanesbæ. **Notkun styrksins vegna barna af erlendum uppruna jókst um 10% í sveitarfélaginu.**

Í Reykjanesbæ eru 15% barna á aldrinum 6-15 ára með erlent ríkisfang. Í verkefninu **Allir með** sem var að hefjast í byrjun september í Reykjanesbæ er lögð sérstök áhersla á aldurshópinn 7-

13 ára. Í verkefninu munu allir þeir aðilar sem koma að barnastarfi í Reykjanesbæ fá þjálfun í því að styðja börn til þess að virkja styrkleika sína, hlúa að vináttunni og styðja við að allir upplifi sem þeir séu hluti af samfélaginu.